

Reglur í tengslum við símanotkun

VERKLAG ÞEGAR NEMENDUR FARA EKKI EFTIR SKÓLAREGLUM Í TENGLUM VIÐ SÍMANOTKUN



NEMANDI ER MEÐ SÍMA OG STARFSMAÐUR BIÐUR HANN UM AÐ SETJA HANN Í TÖSKU ÞAR SEM HANN TRUFLAR EKKI NEMANDA

- Nemandi fer eftir fyrirmælum og fær aðvörun. Fari nemandi ekki eftir fyrirmælum þá er hann sendur til skólastjórnanda og haft er samband við forráðamann.



NEMANDI TEKUR AFTUR UPP SÍMA EFTIR AÐ HAFI FENGID AÐVÖRUN

- Nemandi fer eftir fyrirmælum og fær skráða símatruflun á Mentor. Fari nemandi ekki eftir fyrirmælum þá er hann sendur til skólastjórnanda og haft er samband við forráðamann.



NEMANDI TEKUR UPP SÍMA Í ÞRIÐJA SKIPTID EFTIR AÐ HAFI FENGID SÍMATRUFLUN

- Nemandi er sendur til skólastjórnanda og haft er samband við forráðamann.

SÖMU REGLUR EIGA VIÐ UM ÖNNUR SNJALLTÆKI
EINS OG T.D. SPJALDTÖLVUR, HEYRNARTÓL OG SNJALLÚR

ÚR SKÓLAREGLUM NJARÐVÍKURSKÓLA

- Í Njarðvíkurskóla koma allir fram af virðingu, ábyrgð og vinsemd, nemendur fara eftir fyrirmælum alls starfsfólks og nemendur bera ábyrgð á eignum sínum og umgengni.
- Í Njarðvíkurskóla ganga nemendur vel um eigur sínar og annarra. Nemendur nota ekki snjalltæki í kennslustundum nema með sérstöku leyfi starfsmanna. Mynd- og hljóðupptökur í skólanum eru óheimilar nema með sérstöku leyfi starfsmanna og þá ávallt í námslegum tilgangi.
- Forráðamenn bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera forráðamenn einnig, ásamt börnum sínum, ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skólans.
- Viðurlögum er beitt eftir aðstæðum, eðli og alvarleika brots eða tíðni vægari brota en ávallt er brugðist við brotum sem ógna öryggi nemenda eða starfsmanna.
- Skólareglurnar gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans, í kennslu, á skólaskemmtunum, á skólalóð, vettvangsferðum, í félagsstarfi og á ferðalögum.